



Styrkur íslenska lífeyriskerfisins í alþjóðlegum samanburði

Morgunverðarfundur Fjármálaráðuneytis
Landssamtaka lífeyrissjóða og Samtaka fjármálafyrirtækja
7.11.2007

Borgeir Eyjólfsson forstjóri
Lífeyrissjóðs verzlunarmanna



Efni

- Áfangar í þróun lífeyriskerfisins
- Samsetning/uppbygging íslenska lífeyriskerfisins
- Skattlagning lífeyrisréttinda á Íslandi
- Samkomulag lífeyrissjóðanna um framreikning lífeyrisréttinda og flutning geymdra og smárra réttinda
- Helstu áhrifaþættir um vöxt og viðgang íslenska lífeyriskerfisins
- Staða íslenska lífeyriskerfisins í dag
- Samanburður íslenska lífeyriskerfisins við lífeyriskerfi í Evrópu og Bandaríkjunum
- Spá um þróun íslenska lífeyriskerfisins fram til 2020



Áfangar í þróun lífeyriskerfisins

- Ákvæði um skattfrelsi iðgjalda til lífeyrissjóða kom fyrst í lögum nr.74/1921 um tekju og eignaskatt. Fljótlega upp úr því hófst umræða um stofnun fyrstu lífeyrissjóðanna.
- Árið 1946 voru lífeyrissjóðirnir orðnir 15 talsins. Flestir á vettvangi sveitarfélaga og fyrirtækja
- Árið 1956 var Lífeyrissjóður verzlunarmanna stofnaður
- Árið 1964 við stofnun Landssambands lífeyrissjóða voru lífeyrissjóðirnir orðnir rúmlega 40 að tölu
- Í almennum kjarasamningum í maí 1969 var samið um stofnun lífeyrissjóða og kveðið á um skylduaðild félagsmanna hlutaðeigandi verkalýðsfélags að þeim lífeyrissjóðum sem þá var stofnað til
- Ákveðið var að skylduaðildin næði jafnframt til þeirra lífeyrissjóða sem áður höfðu verið stofnaðir



áfangar í þróun lífeyrissjóðanna frh.

- Samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 1969 var í reynd veitt lagagildi með löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda frá 1974
- Í júní 1980 eru lögin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda útvíkkuð til að ná til allra vinnandi einstaklinga s.s. sjálfstætt starfandi aðila og stjórnenda í atvinnulífinu
- Í árslok 1997 náðist víðtæk samstaða um heildstæða löggjöf um lífeyrissjóðina þar sem m.a. var kveðið á um eftirlit með greiðsluskyldu til lífeyrissjóða með þátttöku skattyfirvalda



Uppbygging íslenska lífeyriskerfisins

- Þriggja stoða kerfi í samræmi við það kerfi sem Alþjóðabankinn (World Bank) hefur lagt til. Það er að lífeyriskerfi þjóða samanstandi af þremur stoðum þar sem;
 - Fyrsta stoðin á að vera opinbert kerfi líkt og almannatryggingakerfið íslenska endurspeglar
 - Önnur stoðin á að byggja á sjóðsöfnun og samtryggingu með skylduaðild líkt og íslensku samtryggingarsjóðirnir
 - Þriðja stoðin á að byggja á frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði líkt og við sjáum í séreignarsjóðum á vegum lífeyrissjóðanna og bankanna



Skattlagning iðgjalda, lífeyris og fjármagnstekna

- Lengst af hefur verið heimilt að draga frá skattstofni greidd lífeyrissjóðsiðgjöld sem nemur ákveðnu hlutfalli af tekjum launþega*
- Iðgjöld sem launagreiðandi greiðir til lífeyrissjóðs vegna launþega flokkast sem rekstrarkostnaður og er frádráttarbær frá tekjum atvinnurekstrarins
- Lífeyrissjóðirnir eru undanþegnir skattskyldu af allri starfsemi sem þeim er á annað borð heimilt að stunda á grundvelli lífeyrisslaganna
- Þannig eru íslensku lífeyrissjóðirnir skattlagðir samkvæmt því kerfi sem talið er til fyrirmyndar af fræðimönnum og kallað er til styttingar **EET**
 - iðgjöld launþega og launagreiðenda eru “Exempt” eða undanþegin
 - fjármagnstekjur lífeyrissjóðanna eru ennfremur “Exempt”
 - en greiddur lífeyrir frá lífeyrissjóðunum er skattlagður “Taxed”

* Undantekning eru árin 1987 frá upptöku staðgreiðslunnar til 1994 þar sem hluti iðgjalda launþega gat verið tvískattlagður



Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða

- Frá 1983 hafa lífeyrissjóðirnir haft með sér samkomulag um gagnkvæmt mat iðgjalda til framreiknings réttinda v/örorkulífeyris
- Samkomulagið nær jafnframt til mats á smáum réttindum þannig að öll greidd iðgjöld reiknist með við lífeyrisúrskurði
- Samkomulagssjóðir hafa skuldbundið sig til að kveða á um í samþykktum sjóðanna að lífeyrir sé veittur;
 - Án skilyrðis um lágmark áunnins réttindatíma
 - Án skilyrðis um lágmarksfjölda stiga
 - Eða iðgjaldagreiðslur fram að lífeyrisaldri eða fráfalli
- Þetta er séríslenskt fyrirkomulag sem ekki á sér hliðstæðu erlendis svo vitað sé
- Aðild að samkomulaginu eiga allir samtryggingarlífeyrissjóðirnir
- Á vettvangi LL starfar Úrskurðar- og umsagnarnefnd til að fjalla um álitamál er varða framkvæmd samkomulagsins

Helstu beinu áhrifaþættirnir á vöxt og viðgang íslenska lífeyriskerfisins

- Kjarasamningar og lagasetningar;
 - Samningar launþega og atvinnurekenda um stofnun einstakra lífeyrissjóða fyrir 1969
 - Kjarasamningarnir 1969 um stofnun lífeyrissjóða og skylduaðild að þeim
 - Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda 1974
 - Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda 1980 þar sem allir eru skyldaðir til þess að leggja 10% af launum í lífeyrissjóð
 - Lögin um lífeyrissjóðina frá 1997
- Skyldugreiðslur iðgjalda til lífeyrissjóða er grundvallaráhrifaþáttur í uppbyggingu íslenska lífeyriskerfisins
- Skylduaðild að lífeyrissjóðum er nú hluti af umræðunni í Evrópu sem þáttur í ráðstöfunum til að takast á við vandamál lífeyriskerfanna þar samhliða umræðu um hækkaðan ellilífeyrisaldur




Helstu ytri áhrifaþættir á vöxt og viðgang íslenska lífeyriskerfisins

- Ólafslögin frá 1979 veittu almenna heimild til verðtryggingar fjárskuldbindinga
- Heimildin til erlendra fjárfestinga 1994 þegar Ísland gerðist sem EFTA aðildarþjóð aðili að EEA (European Economic Area) eða evrópska efnahagssvæðinu
- Einkavæðing;
 - Endurskipulagning fjárfestingarlánakerfisins á árinu 1997 með stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og hlutafélagavæðingu ríkisbankanna
 - Einkavæðing FBA á árinu 1999
 - Einkavæðing Lands- og Búnaðarbanka í áföngum fram til 2003
- Einkavæðingin leysti úr læðingi mikinn kraft sem lífeyrissjóðirnir nutu góðs af bæði sem hluthafar í bönkunum og jafnframt sem þátttakendur á kröftugum fjármagnsmarkaði
- Háir raunvextir á skuldabréfamarkaði allt frá miðjum níunda áratug síðustu aldar fram á þennan dag




Erlendar fjárfestingar íslenskra lífeyrissjóða sem hlutfall heildareigna






Íslenski hlutabréfamarkaðurinn

live.is





Raunvextir skuldabréfa





Staða íslenska lífeyriskerfisins í dag

- Eignir í lok ágúst 2007 1.644 milljarðar*
- Eignirnar samsvara 137% af landsframleiðslu sem á sér ekki hliðstæðu
- Aðrir þættir sem jákvæð áhrif munu hafa á framtíð lífeyriskerfisins;
 - Frjósemi íslenskra kvenna er með því hæsta sem þekkist meðal vestrænna þjóða

* Heimild: Hagtölur Seðlabankans



Frjósemi

Bandaríkin	2,03
Ísland	1,99
Írland	1,95
Frakkland	1,90
Noregur	1,76
Danmörk	1,71
Bretland	1,65
OECD meðaltal	1,54
Japan	1,32
Ítalía	1,26
Spánn	1,25

Heimild: OECD 2002



Staða íslenska lífeyriskerfisins í dag

- Eignir í lok ágúst 2007 1.644 milljarðar
- Eignirnar samsvara 137% af landsframleiðslu sem á sér ekki hliðstæðu
- Aðrir þættir sem jákvæð áhrif munu hafa á framtíð lífeyriskerfisins;
 - Frjósemi íslenskra kvenna er með því hæsta sem þekkist meðal vestrænna þjóða
 - Þjóðin er yngri en flestar vestrænar þjóðir



Hlutfall 65 ára og eldri af 20 til 64 ára

	2000	2050
Bandaríkin	21%	39%
Holland	22%	39%
Danmörk	24%	39%
Ísland	20%	40%
Svíþjóð	30%	43%
Noregur	26%	46%
Bretland	27%	47%
Þýskaland	26%	54%
Frakkland	28%	58%
Ítalía	29%	71%
Spánn	27%	73%

Heimild: OECD 2007



Staða íslenska lífeyriskerfisins í dag

- Eignir í lok ágúst 2007 1.644 milljarðar
- Eignirnar samsvara 137% af landsframleiðslu
- Aðrir þættir sem jákvæð áhrif hafa;
 - Frjósemi íslenskra kvenna með því hæsta sem þekkist meðal vestrænna þjóða
 - Þjóðin er yngri en flestar vestrænar þjóðir
 - Tiltölulega hár lífeyrisaldur (67) miðað við aðrar þjóðir




Eftirlaunaaldur

Ísland	67 ár
Noregur	67 ár
Danmörk	65 ár
Svíþjóð	65 ár
Bretland	65 ár
Þýskaland	65 ár
Holland	65 ár
Frakkland	65 ár
Ítalía	65 ár
Spánn	65 ár
Bandaríkin	65 ár
Japan	62 ár

Heimild: OECD 2005 - Official age of retirement



Lífeyrissparnaður í % af landsframleiðslu 2005




Heimild: OECD



Lífeyrissparnaður í % af landsframleiðslu breyting frá 2001 til 2005

live.is



Heimild: OECD



Öldrun þjóðarinnar fram til 2050*

- **Orsakir**

- Fækkun fæðinga
- Heilbrigðara líferni
- Bætt heilsugæsla
- Framfarir á sviði læknavísinda og lyfjapróunar


- **Áhrif**

	2006	2050
65+ ára % af mannfjölda	12%	27%
Fjöldi 80 ára og eldri		fimmfaldast
Nýfæddur drengur lífslíkur	78,6	86
Nýfædd stúlka lífslíkur	82,9	90
Greiðslutími ellilífeyris		30% lengri

* Heimild: Skýrsla SA frá mars '06 "Íslenska lífeyriskerfið í umbreytingu"



Spá um heildareignir* lífeyrissjóða 2020 í hlutfalli af landsframleiðslu**



* Eignir m.v. 5,5% raunávöxtun, 2% fjölgun sjóðfélaga á ári og 1,5% kaupmáttaraukningu á ári.

**Landsframleiðsla: Lægri lína m.v. meðalhagvöxt 1990-2006 eða 3,2% á ári. Hærrí lína m.v. spá fjármálaráðuneytisins næstu árin og svo 2,5% hagvexti eftir það.



Niðurlag

- Ísland flokkast með þjóðum sem hvað bestum árangri hafa náð við uppbyggingu lífeyrissparnaðar
- Það er margt sem veldur;
 - Fyrirhyggja aðila vinnumarkaðarins á síðustu öld um uppbyggingu lífeyriskerfisins
 - Aðkoma löggjafans með skylduaðild að lífeyriskerfinu
 - Skattalegt umhverfi lífeyriskerfisins til fyrirmyndar
 - Samstarf lífeyrissjóða um gagnkvæmt mat réttinda er þýðingarmikið fyrir sjóðfélaga
 - Heilbrigt starfsumhverfi með frjálsræði lífeyrissjóða til fjárfestinga hérlendis sem erlendis - enn má þó færa ýmislegt í lögum um fjárfestingar sjóðanna til betra horfs
- En þrátt fyrir styrka stöðu þurfum við að hafa í huga að þjóðin lifir sífellt lengur sem kallar á aukinn lífeyrissparnað og sennilega hægfara hækkun eftirlaunaaldurs í áföngum á komandi áratugum
- Meðan lífeyrissjóðirnir eru að byggjast upp verður óhjákvæmilega mikil sjóðsöfnun í kerfinu samanber spá um eignir 2020



niðurlag frh

- Það má ekki gleymast þegar fjallað er um “eignir” lífeyrissjóðanna að móti eignunum koma jafnháar lífeyrisskuldbindingar þeirra gagnvart sjóðfélögum

